



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

GÆGÆ2FV03

(Gæði og gæðastýring)

Kennari:	Bryndís Björk Reynisdóttir, bryndisbjork@fsu.is og gestakennarar
----------	--

Áfangalýsing:

Farið er yfir þau gæðaviðmið sem Samband garðyrkjubænda (SG) hefur sett saman til leiðbeiningar fyrir félagsmenn sína. Fjallað um helstu leiðir sem hægt er að fara til gæðavottunar. Sérstaklega verður fjallað um vottunarkerfi lífrænna afurða og þær skuldbindingar sem felast í vottuninni. Fjallað um mismunandi gæðastýringarkerfi út frá umfangi kerfanna og hvernig þau samræmast stærð viðkomandi fyrirtækis.

Undanfari:

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hvað felst í gæðum matvöru.
- Þeim gæðaviðmiðum sem SG setur til leiðbeiningar fyrir félagsmenn sína.
- Mikilvægi þátta eins og hreinlætis, heilbrigði, þurfnainnihaldi og útlitsgæðum í matvælaframleiðslu.
- Helstu leiðum sem hægt er að fara til gæðavottunar.
- Vottunarkerfum lífrænnar vottunar og þeim skuldbindingum sem felast í vottuninni.
- Mismunandi gæðastýringarkerfum, umfangi þeirra og notagildi í garðyrkjuframleiðslu.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meta gæði matvöru út frá þurfnainnihaldi og útlitsgæðum.
- Beita viðurkenndum aðferðum í matvælaframleiðslu varðandi hreinlæti og heilbrigði.
- Meta hvaða gæðastýringarkerfi hentar viðkomandi framleiðsluferli og stærð fyrirtækis.
- Skoða þá þætti sem þurfa að vera til staðar til að fullnægja kröfum gæðavottunar.
- Skoða þá þætti sem þurfa að vera til staðar til að fullnægja kröfum lífrænnar vottunar.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Rökræða gæði í matvælaframleiðslu við aðra fagaðila ...sem er metið með... rökstuðningi.
- Bera saman mismunandi gæðastýringarkerfi ...sem er metið með... rökstuðningi.
- Velja gæðastýringarkerfi sem hentar viðkomandi framleiðsluferli, stærð fyrirtækis og er hagkvæmt og trúverðugt ...sem er metið með... rökstuðningi.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi vottunarkerfa fyrir lífræna framleiðslu og eftirfylgni með vottuninni ...sem er metið með... Kynningu.

Námsefni:

- Glærur og annað efni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

vika	dags	dagur	kl	efni kennslu	fjöldi klst
1	5-Jan	mán	12:45-15:45	Kynning á áfanga, tilgangur gæðastýringar, skipurit, verkferlar, starfslýsingar, gátlistar, skjalastjórnun	4
2	16-Jan	fös	09:00-12:00	Gæðaviðmið SG, Gæðahandbók garðyrkjunnar, fánarönd, Í góðu lagi	4
3	23-Jan	fös	09:00-12:00	Vörumerki og rekjanleiki, matvæli og merkingar	4
4	30-Jan	fös	09:00-12:00	Lífræn ræktun, vottun og fyrirkomulag, skjalavistun	4
5	6-Feb	fös	09:00-12:00	Heimsókn	4
6	10-Feb	þri	12:45-15:45	Innra eftirlit MAST, Góðir starfshættir, Heilbrigðiseftirlit, starfsleyfi	4
7	17-Feb	þri	12:45-15:45	Gæðamál í skógrækt, kolefnisbinding	4
8	27-Feb	fös	12:45-15:45	Gæði í garðyrkju	4
9	3-Mar	þri	12:45-15:45	Uppruni og rekjanleiki	4
10	13-Mar	fös	09:00-12:00	Heimsókn	4
11	17-Mar	þri	12:45-15:45	Ýmsar lausnir	4
12	24-Mar	þri	12:45-15:45	Upprifjun fyrir próf	4
13				Páskafrí	
14				engin kennsla	
15				Próf	

Sérreglur áfangans:

Skyldumæting er í lotuvikur. Lágmarkseinkunn áfangans er 5 og skila þarf öllum umbeðnum verkefnum til að öðlast próftökurétt.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Samvinna	Verkefni	40%
Lokapróf	Lokapróf í lok annar	60%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 15.12.2025

Bryndís Björk Reynisdóttir